

Innra mat á árangri og gæðum

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir (innra mat). Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila (ytra mat).

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár Grunnskóla
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91, 2008).

Um innra mat segir í aðalnámskrá grunnskóla (2011):

Innra mat tekur mið af starfsaðferðum og sérstöðu hvers skóla og kemur fram í skólanámskrá. Aðferðir við innra mat taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni. Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnu. Grunnskóli Grindavíkur hefur valið að byggja sjálfsmatið í meginatriðum á skoska sjálfsmatskerfinu *How Good Is Our School* sem ber heitið *Gæðagreinar* í íslenskri þýðingu.

Allir starfsmenn skólans koma að sjálfsmatsvinnunni á einhvern hátt og fer vinnan fram í hópastarfi. Þannig hafa allir tæk á að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa áhrif á matsvinnuna.

Gerð er áætlun til fimm ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Fimm ára áætlun um sjálfsmat í Grunnskóla Grindavíkur tekur til níu lykilþátta sem Gæðagreinar 2 eru byggðir á. Flestir lykilþættirnir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu. Einnig hefur starfsfólk Grunnskóla Grindavíkur, kost á því að búa til eigin gæðagreina sem byggja á sérstöðu skólans. Þannig verður matið sniðið að skólastarfinu og þeim þáttum sem lögð er áhersla á í skólanum.

Skólanámskrá – Almennur hluti – Innra mat á árangri og gæðum

Meðfylgjandi tafla sýnir þá níu lykilþætti sem Gæðagreinar skipta skólastarfinu í :

Gæðagreinar - Lykilþættir	Undirþættir – þemu.
1. Heildarárangur	1.1 Framfarir í skólastarfi
	1.2 Samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur
2. Áhrif á nemendur	2.1 Námsreynsla nemenda
	2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þáttöku í skólastarfi
3. Áhrif á starfsfólk	3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans
4. Áhrif á samfélagið	4.1 Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið
	4.2 Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild
5. Menntun	5.1 Skólanámskrá
	5.2 Kennsla sem leiðir til árangursríks náms
	5.3 Til móts við námsþarfir
	5.4 Mat í þágu náms/leiðsagnarmat
	5.5 Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri
	5.6 Jafnrétti og sanngirni
	5.7 Samstarf við nemendur og foreldra
	5.8 Umhyggja, velferð og þroski nemenda
	5.9 Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs
6. Stefnumótun og áætlanagerð	6.1 Endurskoðun skólastefnu og þróunarvinna
	6.2 Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð
	6.3 Þróunaráætlanir
7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk	7.1 Mönnun, ráðningar og stöðugleiki
	7.2 Nýting mannafla og teymisvinna
	7.3 Starfsþróun og starfsmat/starfsmannaviðtöl
8. Samvinna og búnaður	8.1 Samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn
	8.2 Fjármálastjórn
	8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis
	8.4 Gagnavarsla og nýting upplýsinga
9. Forysta	9.1 Sýn gildi og markmið
	9.2 Forysta og framtíðaráform
	9.3 Efling starfsmanna og samvinna
	9.4 Forysta um framfarir og breytingar

Stjórnendur Grunnskóla Grindavíkur fylgja eftir sjálfsmatsáætlun skólans. Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Hver matshópur ígrundar atriðin sem koma fram á matseyðublaði og gefur einkunn fyrir hvern lið ef

Skólanámskrá – Almennur hluti – Innra mat á árangri og gæðum

hann kýs svo. Það er hins vegar ekki markmið í sjálfu sér að hverjum lið sé gefinn einkunn heldur að hópurinn komi sér saman um heildareinkunn fyrir öll atriðin sem koma fram í gæðagreininum sem liggur fyrir til mats. Vinnulag, matsniðurstöður og umbætur eru settar fram í þróunaráætlun sem unnin er af starfsfólki um leið og gæðagreinar eru lagðir fyrir. Stjórnendur taka saman niðurstöður og kynna þróunaráætlun á starfsmannafundum og fara yfir stöðu umbóta.

Fimm ára áætlun um innra mat er unnin þannig að allir starfsmenn skólans eru beðnir um að raða lykilþáttum, undirþáttum eða þemum niður á tímabil. Skila inn tillögum til stjórnenda sem gera síðan drög að áætlun byggða á tillögum starfsmanna. Drögin eru síðan kynnt á starfsmannafundi. Á hverri önn eru að jafnaði tekin fyrir 3 þemu.

Áætlun um innra mat 2016 – 2022

Skólaár 2016 - 2017	Vor 2017	2,1	5,8	5,5	
Skólaár 2017 - 2018	Haust 2017	5,4	5,1		
	Vor 2018	6,2	9,1		
Skólaár 2018 - 2019	Haust 2018	4,2	6,3	9,2	
	Vor 2019	2,2	6,1	4,1	
Skólaár 2019 – 2020	Haust 2019	5,3	8,1		
	Vor 2020				
Skólaár 2020 - 2021	Haust 2020	9,3	5,9	3,1	7,3
	Vor 2021	5,7	9,4	7,2	7,1
Skólaár 2021 - 2022	Haust 2021	1,1	5,2	1,2	
	Vor 2022	8,2	8,3	8,4	5,6

Auk vinnu með Gæðagreina leggur allt starfsfólk mat á vinnu vetrarins á starfsdegi í júní. Starfsmannahópnum er skipt í hópa eftir viðfangsefnum vetrarins. Hver hópur svarar þremur spurningum.

1. Hvað gekk vel á skólaárinu: Kennsluaðferðir, einstök verkefni, samstarf eða eitthvað annað sem snýr að skipulagi kennslunnar/starfsins?

Skólanámskrá – Almennur hluti – Innra mat á árangri og gæðum

2. Hvað gekk ekki vel á skólaárinu: Kennsluaðferðir, einstök verkefni, samstarf eða eitthvað annað sem snýr að skipulagi kennslunnar/starfsins?
3. Hugmyndir eða tillögur til að huga að fyrir næsta skólaár.

Hóparnir kynna helstu niðurstöður hver fyrir öðrum og stjórnendur nýta niðurstöður við skipulag næsta skólaárs. Einnig er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum í sjálfsmatsskýrslu.

Gagnasöfnun

Grindavíkurbær er áskrifandi að Skólavoginni og þar með Skólapúlsinum. Í Skólapúlsinum eru lagðar fyrir nemendakannanir á hverju ári með þátttöku allra nemenda í 1. – 10. bekk skólans. Foreldrakannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir foreldra/forráðamenn nemenda í Grunnskóla Grindavíkur annað hvert ár og starfsmannakannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir starfsmenn Grunnskóla Grindavíkur annað hvert ár.

Starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á ári febr./mars. Stjórnendur Grunnskóla Grindavíkur eiga þá samtál við starfsmann um stefnu, markmið stofnunarinnar, endurmenntunarpörf og starfið í heild. Unnin er samantekt úr starfsmannasamtölum sem kynnt er starfsmönnum, farið yfir niðurstöður á stjórnendafundum. Helstu niðurstöður eru nýttar til skipulagningar á næsta skólaári.